


Ferðalýsing I

Síðan 2005 hef ég farið á eigin hjóli til Evrópu flest haust, fyrst á Ducati ST3 og síðan á BMW 1200 GSA. Venjulega nota ég september í þessar ferðir, þá er ennþá sumar í Evrópu og flest allt opið en mun færri ferðamenn en um hásumarið, auðveldara að finna gistingu og hún á betra verði. Oftast geri ég lauslega áætlun um það hvert á að halda, er með nokkra staði sem væri rétt að skoða en síðan ræður veður töluverðu um það hvaða leið er farinn.

Haustið 2013 var stefnan sett á Úkraínu til að taka mynd af tröppunum sem eru í borginni Odessa á bökkum Svartahafsins.


Úkraína var hluti Sovétríkjanna frá 1922 til ágúst 1991. Hlutirnir eru því svipaðir og í Rússlandi en kosturinn við að fara til Úkraínu er að Íslendingar þurfa ekki vegabréfsáritun.

Hér á eftir fer dagbók sem ég hélt í ferðinni.



Miðvikudagur 28. ágúst.

Uppúr kl 7 var haldið á stað frá Reykjavík til Seyðsfjarðar. Hékk þurrt norður yfir Holtavörðuheidi en eftir það létti til og á Möðrudalsræfunum var sól. Kom til Egilsstaða um kl 15 og þar var keyptur hamborgari, benzín og nesti.



Síðan yfir til Seyðisfjarðar og farið fljótlega um borð í Norrænu.

Var í klefa með ungum hjólamanni sem var MJÖG fámáll, fullorðnum þjóðverja á HD, sem hafði dottið tvisvar en var óslasaður, og fullum Færeying, honum var síðan skipt út í Færejum fyrir þýskum dorgveiðimanni. Það var frekar gott í sjóinn og nánast engin hreyfing eftir Færejar. Fór í land í Þórshöfn til að skoða mig um, þar var að sjálfsögðu lágskýjað.



Höfnin í Þórshöfn



Laugardagur 31. ágúst.


Kom til Hirthals um morguninn, þar var sól en vestan rok og því þreytandi að hjóla til Haderslev á suður Jótlandi, en þar var ég búinn að sníkja gistingu hjá vinum mínum í nokkra daga.

Mánudagur 2. september.

Í dag var farið yfir til Þýskalands til að skipta um afturdekk sem búið var að panta á netinu.



Á dekkjaverkstæðinu



Anton og ég inni í uppgerðu hlöðunni

Þriðjudagur 3. september.

Farið með hjólið á BMW verkstæði vegna innköllunar frá verksmiðjunni. Síðan var ætlunin að hjóla hring en það voru ekki til réttir varahlutir svo hjólið var skilið eftir og Anton, sem á heima rétt hjá þar sem ég gisti og hafði tekið að sér að vera leiðsögumaður um Jótland, skutlaði mér til baka í skúraveðri.

Miðvikudagur 4. september.

Fór með Antoni og sótti hjólið. Fórum síðan að heimsækja yngri prinsinn, hann Joachim, sem á heima í Schackenborg kastala en hann var ekki heima. Kíktum í staðin á gamla hlöðu sem búið er að gera upp. Síðan haldið til Römö en þar er hægt að aka niður í fjöru og var því hjólað niður í flæðarmál, þarna var næstum logn sem gerist nánast aldrei. Þetta var hringur uppá rúma 200 km. Anton stjórnaði för en hann er á FJR 1300.



A nokkrum stöðum í Danmörku er hægt að aka eftir fjörunni

Fimmtudagur 5. september.

Haldið af stað suður á bóginn. Sólskinið sem búið var að spá í nokkra daga af veðurfræðingum í DK var hulið skýjum. En af stað var haldið um kl 10 og ekin hraðbraut í suður, sólin kom á þýsku landamærunum og síðan hitnaði, fór mest í 29,5°C. Um kl 17 var ég kominn til Harz-fjallanna sem eru rétt fyrir sunnan Hannover og er svæðið bæði í austur og vestur Þýskalandi. Fór á túrist info til að fá gistingu en það var nánast allt fullt, fékk eina nótt á 40 €. Það var víst hestamannamót þó að ég sæi aðeins ellismelli í fríi.



Hótelið í Harz-fjöllumunum



Hjólið var geymt inni í verkfæraskúr

Föstudagur 6. september.

Hjólað um Harz sem er fjalllendi með hlykkjóttum vegum. Það var sól og hitinn 25-28°C. Pantaði gistingu á netinu á öðrum stað á 37 €, fékk ekki góðan fisk í matinn í kvöld.

Laugardagur 7. september.

Haldið yfir til Tékklands í sól og hita, meiri hluti leiðarinnar á hraðbraut og endað fyrir austan Prag. Gisting heldur ódýrari en í Þýskalandi, 2 nætur á 35 €, og kvöldmatur steikt fiðurfé, ís, kaffi og bjór á 9 €. Á svæðinu var greinilega allt að gerast, bæði Motocross keppni og Crosscountry reiðhjóla-keppni og síðan voru heimamenn að bera saman bækur sínar yfir bjórglösum.

Sunnudagur 8. september.

Fór fyrst að skoða beinakirkjuna í Kutna Horas sem ég hafði séð í myndinni “LongWay Round”
http://en.wikipedia.org/wiki/Sedlec_Ossuary



Beinakirkjan í Kutna Horas



Fór síðan norður undir landamærin að Póllandi en þar er heldur hálandara. Mjög mikið af fólki á mótórhjólum, sumum lá á en öðrum ekki, nokkrir voru t.d. á MZ tvígangis, og nokkrir að viðra fornbílanana sína. Keyrði inná veg með rásmerkingum og stjórnturni en þarna eru haldnar mótórhjóla keppnir á venjulegum vegum.

<http://www.youtube.com/watch?v=RE93flpNRj0>